

84 Skatturinn á hverja einstaka húseign má þó ekki fara fram úr 6% miðað við 12. apríl fasteignamatsverð hennar.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. maí þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1943.

Jóhann Sæmundsson.

Páll Pálmason.

85
14. apríl

AUGLÝSING

um skömmtun á benzíni.

1. gr.

Samkvæmt reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, dags. 18. febrúar 1943, skal benzínskammtur til bifreiða vera sem hér segir á tímabilinu 1. maí til 1. september 1943:

A. Fólksbifreiðar:

1. Strætisvagnar í Reykjavík og Hafnarfirði	8000 litrar
2. Almenningsbifreiðar, hálfkassabifreiðar og mjólkurflutningabifreiðar	4000 —
3. Leigubifreiðar, þær sem uppfylla ákveðin skilyrði	3500 —
4. Einkabifreiðar:	
a. Læknabifreiðar	1200 —
b. Almenn stærð, 5—6 manna	850 —
c. Smábifreiðar 15 hestafla og minni	500 —
d. Bifhjól	100 —

B. Vörubifreiðar:

1. Vörubifreiðar, 2 tonn og stærri	4000 —
2. Vörubifreiðar, 1½ tonn	3000 —
3. Vörubifreiðar, ¾ til 1¼ tonn	2000 —
4. Vörubifreiðar, smábifreiðar	800 —

2. gr.

Lögreglustjórar afhenda benzínskömmunarhefti til annarra nota en bifreiðaksturs, samkvæmt reglum sem áður hafa verið settar.

3. gr.

Ráðuneytið leyfir fyrst um sinn, að í Reykjavík sé ein bifreiðastöð opin til mannlutninga að næturlagi. Þó leyfist að allar bifreiðastöðvar séu opnar á laugardögum til kl. 1 eftir miðnætti aðfaranótt sunnudags.

4. gr.

Á skömmtunartímabilinu frá 1. september þ. á. til 1. janúar 1944, verður benzínskammturinn að stórlækka frá því sem er á tímabilinu frá 1. maí til 1. september þ. á.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. apríl 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.